



Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3/1	GAO	- 3. JUNI 2019
Abm.	Urv. aðili	Málsnr. One
SFÞ	St. A	1903/20

Reykjavík 22. maí 2019  
Tilv. 0.3  
GG/gee

Akraneskaupstaður  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

**Efni: Aðalfundur Faxaflóahafna sf.**

Hér með er boðað til aðalfundar Faxaflóahafna sf. í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings eigenda fyrirtækisins dags. 17. nóvember 2004. Aðalfundurinn verður í fundarsal 3. hæðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík, föstudaginn 21. júní n.k. kl. 15:00 og er dagskrá fundarins eftirfarandi í samræmi við 4. grein sameignarfélagssamningsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu ári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. grein.
3. Hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. grein.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Virðingarfyllt,

Kristín Soffía Jónsdóttir,  
formaður hafnarstjórnar

Gísli Gíslason,  
hafnarstjóri